

#### 4. Frumvarp

til laga um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934.

(Lagt fyrir aukafing 1933).

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal, árið 1934, koma saman hinn 1. dag októbermánaðar hafi konungur ekki til tekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því að ætla má að frumvarp til stjórnarskipunarlags, um breyting á stjórnarskránni, sem samþykkt var á síðasta reglulegu þingi, verði samþykkt óbreytt á aukafinginu, leggur ríkisstjórnin þetta frumvarp fram í þeim tilgangi, að fjárlagafing verði ekki kvatt saman fyrr en að afstöðnum kosningum eftir hinu nýja fyrirkomulagi.

Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hið breytta ákvæði um samkomudag reglulegs Alþingis skuli aðeins gilda árið 1934. Frumvarpið er í samræmi við þær óskir, er fram komu af hálfu þingflokka, við umræður um samkomudag aukafings til endanlegrar afgreiðslu stjórnarskrárfrumvarpsins.